

Mánudaginn 23. marz 1953.

Nr. 39/1952. **Ingimundur h/f** (Sigurgeir Sigurjónsson)
 gegn

Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason).
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa upp kveðið Freymóður Þorsteins-son, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz 1952. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 99.450.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að dæmdur verði sjóveðréttur í v/s Skaptfellingi, VE 33, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1952. Krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjanda þóknun fyrir aðstoð, ekki yfir kr. 2000.00. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, en til vara, að hvorum aðilja verði gert að bera sinn kostnað af málinu.

Telja verður, að v/s Skaptfellingur hafi verið staddur í mikilli hættu, er v/s Helga kom honum til hjálpar. Samkvæmt því þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 50.000.00. Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 9000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Skaptfellingi, VE 33, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð :

Gagnáfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði aðaláfrýjanda, Ingimundi h/f, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Skaptfellingi, VE 33, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 26. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 22. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Sveini Benediktssyni forstjóra, Reykjavík, f. h. Ingimundar h/f, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1951, birtri 13. s. m., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á björgunarlaunum fyrir hjálp, sem skipið Helga, RE 49, eign stefnda, og áhöfn þess veitti áhöfn Skaptfellingis, VE 33, eign stefnda, við að ráða niðurlögum elds, sem kom upp í Skaptfellingi þann 10. júlí 1949.

Fyrir réttinum hefur stefnandi gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum björgunarlaun að fjárhæð kr. 99.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, sem nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 6.951.89. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða þá fjárhæð í björgunarlaun, sem rétturinn metur hæfilega, ásamt vöxtum og málskostnaði. Svo krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Stefndi lét mæta í máli þessu og gerði í upphafi þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér yrði tildæmdur riflegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Undir rekstri málsins féll stefndi frá sýknukröfu sinni, en gerði eftirfarandi réttarkröfur: Aðallega, að hann verði dæmdur aðeins til að greiða stefnanda hæfilega þóknun fyrir aðstoð, þó ekki fram yfir kr. 2.000.00 og kveði dómurinn á um endanlega greiðsluskyldu Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja ásamt meðstefnda. Svo krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara krafðist hann þess, að málskostnaður félli niður.

Málavextir eru eftirfarandi:

Sumarið 1949 var v/s Skaptfellingur á sildveiðum fyrir Norðurlandi. Hinn 10. júlí, upp úr hádeginu, var báturinn staddur nálægt Rifstanga. Austan kul var og svolítill alda. Annar vélstjóri, Sverrir Simonarson, var á vakt og hafði gengið aftur í káetu. Bróður hans, sem var matsveinn á skipinu, varð gengið niður til hans og sá hann þá eld í vélarrúminu og lét bróður sinn strax vita. Vélstjórinn fór þá þegar inn í vélarrúmið og

sá þar smáloga á rafleiðslu utan á oliugeymi í vélarrúmi bakborðsmegin. Tók hann í skyndi handslökkvitæki og sprautaði á logann og virtist hann slökkna til fullnustu. En alveg rétt á eftir fylltist allt vélarrúmið af reyk og gufu, og kallaði þá vélstjórinn á aðra skipverja til aðstoðar og komu þeir fljótt niður. Reynt var að setja austursdæluna í gang, en það tókst ekki, enda var aðstaða erfið vegna reyks. Var þá sprautað með handslökkvitækjum, en án árangurs. Var þá tekið til þess ráðs að ausa sjó með fötum niður um hágluggann (skylettið), en allt kom fyrir ekki. Reykur og gufa hélst hin sama, en eld sáu þeir engan. Vélbáturinn Helga, RE 49, var á siglingu á vesturleið skammt undan, en dýpra í ca. 5—6 sjómílna fjarlægð út frá Rifstanga. Ákvað skipstjóri Skaptfellings að leita aðstoðar hennar. Var flautan sett í gang og dregið upp flagg og stakkur festur upp á ár frammi á skipinu, til þess að gefa til kynna að Skaptfellingur þyrfti á hjálp að halda. Jafnframt sigldi Skaptfellingur í áttina til Helgu. Áhöfn Helgu varð strax vör við neyðarmerkin og var þá kl. 2.05 e. h. Hélt Helga þegar til Skaptfellings og lagðist von bráðar við stjórnbörðshlið skipsins. Fór áhöfnin um borð í Skaptfelling og var þá allt á kafi í reyk í vélarrúminu. Lánaði hún skipverjum Skaptfellings handslökkvitæki, sem þeir sprautuðu með inn í vélarrúmið. Síðan var sjódæla (smúldæla) frá Helgu látin dæla sjó inn í vélarrúmið og var milligerðin milli lestar- og vélarrúms rifin í sundur og dælt inn um opið. Áður höfðu vélar Skaptfellings verið stöðvaðar, svo þær tækju ekki sjó á sig. Dælt var svo viðstöðulaust inn í vélarrúmið um nokkurn tíma, en kafið þar inni minnkaði ekki. Urðu þeir þess varir, að þilfarsflansinn fremri bakborðsmegin var orðinn snarpheitur, — sjóðheitur, sögðu yfirmenn Helgu — og var þá rofið gat á þilfarið bakborðsmegin. Unnu áhafnir beggja skipanna að því í sameiningu og voru notuð áhöld frá báðum skipunum. Lagði Helga m. a. til sleggju og axir, en til voru í Skaptfellingi 2 axir, slaghamar og sleggja. Er þilfarið hafði verið rofið, sást í neista og kom í ljós, að eldurinn eða kafið átti upptök sín bak við oliugeymana bakborðsmegin og ofan við þá í þilfari og þilfarsbitum. Oliugeymarnir bakborðsmegin voru orðnir heitir og málningin byrjuð að detta af. Þeir voru um það bil hálfir af hráoliu. Var dælt yfir þá með sjódælu frá Helgu og síðan dælt sjó ofan í þá, unz þeir voru orðnir fullir. Einnig var dælt yfir rafgeymana og dynamóinn og innri byrðing (garneringu) í vélarrúminu og aðra þá staði, þar sem eldurinn eða kafið virtist eiga upptök sín. Er dælt hafði verið um nokkurn tíma niður um opið á þilfarinu, fór kafið minnkandi og tókst von bráðar að ráða niðurlögum eldsins að fullu. Um upptök eldsins var það álit áhafnar Skaptfellings, að kviknað hefði út frá rafleiðslum, ef til vill þannig, að olía hefði runnið niður eftir oliugeymunum, er helt hafði verið á þá, og síðan kviknað í oliubrákinni við hita frá rafleiðslunum.

Skömmu eftir að Helga kom á vettvang, léði hún talstöð sína til þess að kalla upp v/b Helga Helgason, VE 343, vegna þess að talstöð Skaptfellings var biluð eða bilaði um leið og eldurinn kom upp. Náðist samband við bátinn og átti skipstjóri Skaptfellings tal við hann og beiddi

hann að koma á staðinn, ef svo kynni að fara, að Skaptfellingur kæmist ekki sjálfur til hafnar og þyrfti á drætti að halda. Helgi Helgason var þá allmiklu vestar, en var á austurleið eða í þann veginn að leggja af stað austur, er Skaptfellingur átti tal við hann. Kom Helgi Helgason síðan á vettvang eftir 2—3 tíma, og var þá slökkvistarfinu að verða lokið, svo ekki þyrfti á aðstoð hans að halda, enda aðstoðaði hann ekkert við slökkvistarfið.

Mikill sjór var komin í Skaptfelling, er búið var að komast fyrir eldinn. Var þá hafist handa við að ausa skipið, og unnu áhafnir Helgu og Skaptfellinga að því í sameiningu. Tók austurinn um klukkutíma. Er nokkuð var búið að ausa, var ljósvél Skaptfellinga sett í gang og skipið ausið með henni. Að því búnu var aðalvél skipsins sett af stað, og reyndist hún vera í lagi, enda hafði hún verið stöðvuð áður en dælingin hófst, eins og fyrr segir. V/s Helgi Helgason sigldi þá í burtu, þar sem skipstjórinn á Skaptfellingi taldi, að ekki þyrfti að draga bátinn til hafnar. Kl. 7,30 yfirgaf Helga Skaptfelling, enda þyrfti skipið ekki á frekari hjálp að halda.

Auk þeirrar aðstoðar, sem þegar hefur verið lýst, hjálpaði áhöfn Helgu til við flutning sildarnótar úr v/b Skaptfellingi. Lá nótin ofan á lestarlúgu skipsins, er Helga kom að, og var nótin flutt yfir í nótabát Skaptfellinga.

Meðan á slökkvistarfinu stóð, var fatnaður skipverja, sem var í lúkar Skaptfellinga, fluttur úr skipinu. Var það gert eftir fyrirmælum skipstjóra Skaptfellinga, til þess að forða fatnaðinum frá skemmdum vegna reyks og vatns. Kveðst hann hafa sagt skipverjum sínum að flytja fatnaðinn yfir í nótabátinn, en í stað þess fluttu þeir hann yfir í Helgu. Fatnaður yfirmanna skipsins í káetu og fatnaður skipstjóra voru ekki fluttir úr Skaptfellingi og skemmdust þeir allir mikið af völdum reyks. Aðrir munir en þeir, er þegar hafa verið greindir, virðast ekki hafa verið fluttir úr skipinu, meðan á slökkvistarfinu stóð.

Áhöfn Skaptfellinga er sammála um, að áhöfn Helgu hafi unnið vel og sleitulaust að slökkvistarfinu og hafi hún látið í té mikilvæga aðstoð við að ráða niðurlögum eldsins, bæði með starfi sínu og með því að leggja til tæki og áhöld.

Skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri v/b Helgu létu uppi það álit sitt við sjópróf í málinu, að áhöfn Skaptfellinga mundi ekki hafa verið auðið að bjarga skipinu, ef hjálpar Helgu hefði ekki notið við, en hins vegar mundi henni hafa verið unnt að bjarga sildarnótinni, þótt engin hjálp hefði borizt. Þá töldu þeir, að skipverjar Skaptfellinga hafi sjálfir gert ráð fyrir, að þeir þyrftu að yfirgefa skipið og hafi þeir þess vegna flutt föt sín úr skipinu um borð í Helgu. Svo töldu þeir, að v/b Helga hafi verið lögð í nokkra hættu við slökkvistarfið, því svo kynni að hafa farið, að oliugeymar Skaptfellinga hefðu sprungið vegna hitans.

Skipstjóri Skaptfellinga hélt því hins vegar fram við sjóprófin, að Skaptfellingur hefði aldrei verið í neinni yfirvofandi hættu og hefðu þeir aðeins til öryggis kallað á Helgu til aðstoðar. Þeim hefði sjálfum verið

unnt að rjúfa gat á þilfarið með þeim tækjum og mannafla, sem þeir höfðu yfir að ráða, og úr því hefði verið tiltölulega auðvelt að komast fyrir eldinn. Aðrir skipverjar Skaptfellings, sem leiddir voru sem vitni, kváðust ekki treysta sér til að segja neitt ákveðið um þetta. Einn þeirra taldi þó líklegra, að áhöfnin hefði án hjálpar annarsstaðar frá getað ráðið niðurlögum eldsins, en annar þeirra kvaðst halda, að Skaptfellingur hefði aldrei bjargast, ef hjálp hefði ekki borizt. Hins vegar neituðu þeir því allir, að þeir hefðu nokkurntíma talið skipið í yfirvofandi hættu og aldrei hefði þeim komið til hugar að yfirgefa skipið. Væri það alrangt, að sú ástæða hefði legið til þess, að fatnaðurinn var fluttur úr skipinu. Það hafi aðeins verið gert í því skyni að forða honum frá skemmdum af völdum reyks og vatns. Allir skipverjar Skaptfellings, sem leiddir voru sem vitni, töldu, að Helga hefði ekki verið lögð í neina hættu og ekki hafi verið nokkur ástæða til að óttast sprengingu í oliugeymunum, enda hafi mannskapurinn verið látinn hafast við yfir oliugeymunum við slökkvistarfið, sem ekki hefði verið gert, ef talið hefði verið að um sprengingarhættu gæti verið að ræða.

Stefnandi beindi í upphafi kröfum sínum gegn Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, en félagið neitaði greiðslu ákveðið og kvað Skaptfelling ekki hafa verið í tryggingu hjá félaginu fyrr en 22. marz 1950, en þá fyrst hafi verið beðið um tryggingu. Stefnandi krafði þá stefnda um greiðslu, en hann vísaði til Samábyrgðar íslenzkra fiskiskipa, er hann kvað hafa tekið málið að sér. Er stefnandi hafði snúið sér til hennar, bauð hún í fyrstu að fella úrskurð um þóknun stefnanda samkvæmt 22. gr. laga um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, ef henni bærust skýrslur frá málsaðiljum um hjálpinu. Skýrslur virðast engar hafa borizt til hennar og lýsti hún því siðar yfir, að hún hefði ekkert úrskurðarvald í málinu, þar sem komið hefði í ljós, að v/b Helga væri ekki tryggð hjá neinu bataábyrgðarfélaganna, sem undir Samábyrgðina lúta. Samkvæmt skipaskrá er v/b Helga 110 brúttó rúmlestir að stærð og er því ekki tryggingarskyld hjá bataábyrgðarfélögum, sem ræðir um í lögum nr. 61/1947, samkvæmt 2. gr. þeirra laga. Þá hefur og stefnandi ómótmælt haldið því fram, að v/b Helga væri tryggð hjá Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f. Leiðir þetta til þess, að við ákvörðun þóknunar stefnanda til handa fyrir þá hjálp, sem Helga veitti, ber að fara eftir ákvæðum siglingalaganna og úrskurðarvaldið liggur hjá hinum almennu dómstólum.

Í máli þessu hefur stefnandi ekki stefnt Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja til réttargæzlu né nokkru öðru váttryggingarfélagi og því siður haft uppi sjálfstæðar kröfur á hendur neinu váttryggingarfélagi. Stefnandi hefur hins vegar stefnt Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja til réttargæzlu og að lokum krafizt þess, að það félag verði með dómi í málinu skyldað ásamt stefnda til að greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem rétturinn teldi. Að stefnandi ætti kröfu til. Til stuðnings þessari kröfu sinni hefur stefndi m. a. vitnað til hæstaréttardóms frá 1948 (Hrd. XIX bls. 368), þar sem váttryggjendur skips eru dæmdir til greiðslu, þótt þeim hafi aðeins verið stefnt til réttargæzlu í héraði. Hvað sem um þessa niðurstöðu má

segja og hvaða ályktanir, sem af henni kann að mega draga, þá telur rétturinn sér ekki fært að taka þessa kröfu stefnda til greina, þar sem stefnandi sjálfur hefur engar kröfur haft uppi í málinu gegn Bataábyrgðarfélaginu og þar að auki mótmælt því algerlega við munnlegan flutning, að félagið verði dregið inn í mál þetta og það dæmt til greiðslu við hlið stefnda.

Eins og áður er fram tekið, var sjódæla Skaptfellings óvirk eftir að eldurinn kom upp. Við slökkvistarfið hlaut því áhöfn Skaptfellings að notast við fötur, ef engin hjálp hefði borizt að. Engin skip voru í nánd, — að Helgu undanskilinni, — er eldsins varð vart. V/b Helgi Helgason, eign stefnda, var það langt undan, að hæpið er, að hann hefði komið nægjanlega tímanlega á vettvang og ekki sízt vegna þess, að Skaptfellingur átti þess engan kost að hafa samband við hann, þar eð talstöð Skaptfellings var óvirk. Til þess að tök væru á að ráða niðurlögum eldsins, virðist hafa verið nauðsynlegt að rjúfa upp þilfarið yfir oliugeymunum bakborðsmegin, en með þeim takmörkuðu tækjum, sem Skaptfellingur hafði yfir að ráða, virðist það hafa hlotið að taka langan tíma. Svo virðist sem oliugeymar skipsins liggja alveg upp við þilfarsbitana og hlaut því að vera vandkvæðum bundið að ausa með fötum á þá staði, þar sem eldurinn var, nema því aðeins að stórt svæði af þilfarinu hefði verið brotið upp. Og þegar tekið er tillit til þess, hve langan tíma það tók að ráða niðurlögum eldsins með hjálp áhafnar Helgu og sjódælu þess skips, verður rétturinn að líta svo á, að Skaptfellingur hafi verið staddur í neyð, er Helga kom að, og hafi því verið um björgun að ræða samkvæmt 229. gr. siglingalaga. Áhöfn Skaptfellings virðist hins vegar ekki hafa verið stödd í hættu, þar sem veður var gott og sjór enginn og skipið skammt undan landi. Hlaut því að vera auðvelt fyrir áhöfnina að komast í land á nótabátnum, ef á þyrfti að halda. Einnig virðist áhöfninni hafa verið unnt af eigin rammleik að bjarga sildarnót skipsins.

Ekki virðist unnt að líta svo á, að v/b Helga hafi lagt sig í neina teljandi hættu við björgunina, því ekki var sjáanlegt að legið hafi nokkru sinni nærri, að oliugeymarnir springu, meðan á slökkvistarfinu stóð.

Töf stefnanda við björgunina var 5 klst. og 25 mínútur. Bein útgjöld virðist hún ekki hafa haft í för með sér fyrir stefnanda. Stefnandi hefur talið, að hann kynni að hafa orðið fyrir einhverju aflatjóni, en engar upplýsingar liggja fyrir um sildveiði annarra skipa þennan dag. Aðeins kemur það fram í málinu, að frétt hafi til sildar við Langanes um daginn. Verður ekki unnt að gera ráð fyrir neinu teljandi aflatjóni, þótt þess sé gætt, að skipstjóri Helgu er alkunnur aflamaður, bæði við sildveiðar og aðrar fiskveiðar.

Engar upplýsingar liggja fyrir um verðmæti v/b Skaptfellings, er björgunarstarfinu lauk. Hann er að stærð 60,46 rúmlistir brúttó og byggður 1917. Hins vegar er það upplýst, að hinn 22. marz 1950 var Skaptfellingur tryggtur hjá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja fyrir kr. 397.800,00 og virtur af virðingarmönnum félagsins á kr. 442.000,00.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið tekið fram, lét Helga fljótt og

greiðlega hjálp sína í té og leysti af hendi gott starf við björgunina. Skipið Skaptfellingur var státt í yfirvofandi hættu, en áhöfn skipsins hins vegar ekki. Björgunarstarfið tók ekki langan tíma og virðist ekki hafa haft neinn teljandi kostnað í för með sér og um hættu fyrir Helgu og áhöfn hennar virðist tæpast hafa verið að ræða. Með tilliti til þessa og annarra atvika svo og með tilliti til verðmætis hins bjargaða skips þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 40.000.00, er stefnda ber að greiða stefnandanum með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 3500.00 í málskostnað.

Svo þykir og bera að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Sveini Benediktssyni f. h. Ingimundar h/f, kr. 40.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 67/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Egill Sigurgeirsson)

gegn

Erling Ellingsen (Theódór B. Líndal)

og gagnsök.

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Fébætur vegna frávikningar embættismanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1952 og krafizt þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en *til vara* að dæmd fjárhæð í héraði verði lækk-